



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2016

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2020, 678. mál.**

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fagnar því að stjórnvöld marki sér stefnu í lyfjamálum til lengri tíma. Eftirfarandi eru athugasemdir við einstaka liði þingsályktunartillögunnar.

Í e. staflið 1. töluliðar segir að *unnið verði að opnun markaðarins og meiri samkeppni í samstarfi við Norðurlandþjóðir.*

Óljóst er hvaða markað átt er við. Varhugavert er að lyf og lyfjaverð séu háð lögmálum markaðarins.

Í h. staflið 1. töluliðar þingsályktunartillögunnar segir að *kannaðar verði leiðir til lækkunar virðisaukaskatts á lyfjum og hvort slík lækkun myndi skila sér til sjúklinga.*

Lyfjakostnaður einstaklinga er oft hár og sérstaklega getur hann verið stór hluti ráðstöfunartekna öryrkja. Margt fólk þarf að taka margvísleg lyf sem oft falla ekki undir greiðslupáttökukerfi lyfja. Öryrkjabandalag Ísland leggur áherslu á að til að draga úr lyfjakostnaði einstaklinga verði lyf undanþegin virðisaukaskatti eða sett í lægra þrep virðisaukaskatts. Stefna stjórnvalda á að miða að því að finna leiðir og lausnir í stað þess að kanna þær. Það hlýtur að vera á ábyrgð stjórnvalda að lækkanir skili sér til sjúklinga.

Í i. staflið 1. töluliðar segir að *unnið verði að bættu aðgengi að lyfjum á landsbyggðinni, sérstaklega á smæstu stöðunum þar sem þjónusta er takmörkuð, og*

*kannað hvort æskilegt sé að heimilað verði að selja tiltekin lausasölulyf í almennum verslunum.*

Því ber að fagna að aðgengi að lyfjum verði bætt á landsbyggðinni. Vandséð er þó hvernig hægt er að afmarka aðgengi viðkomandi lausasölulyfja við ákveðna staði á landsbyggðinni. Ef óhætt þykir að selja tiltekin lyf í almennum verslunum hlýtur það að geta gilt um allt landið.

*Í c. staflið 2. töluliðar segir að meðferðaraðilum, Embætti landlæknis og öðrum eftirlitsaðilum, sem á þurfa að halda starfs síns vegna, verði tryggt aðgengi að persónugreinanlegum upplýsingum á lyfjaávísunum.*

Þessi liður er of opin og engin ákvæði um persónuvernd. Engin ástæða er til að upplýsingar séu persónugreinanlegar svo mörgum eftirlitsaðilum um alla lyfjanotkun einstaklinga. Takmarka mætti aðgengi að persónugreinanlegum upplýsingum við afmarkaðan lista lyfja, en virða friðhelgi einstaklinga að öðru leyti.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst,



---

Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir  
formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál